



## Útgáfa bókarinnar *Listir og menning sem meðferð: íslensk söfn og Alzheimer*

Alzheimer er heilásjúkdómur sem veldur dauða taugafruma og rýrnun heilans. Sjúkdómurinn er algengastur heilabilunarsjúkdóma, og einkennin í flestum tilvikum minnisleysi, skapferlisbreytingar, samskiptaerfiðleikar og tap á rökhugsun.

Upplifun sem veitir gleði og ánægju situr eftir sem góð tilfinning um einhvern tíma. Að þessu leyti er enginn munur á þeim sem eru með Alzheimer sjúkdóm og öðrum. Tónlist hefur mest verið skoðuð í þessu samhengi, en áhrif hennar virðast m.a. vera að hún getur vakið minningar og góðar tilfinningar sem tengjast oft fyrri reynslu.

Í handbókinni *Listir og menning sem meðferð: íslensk söfn og Alzheimer*, er fjallað um þá aðferð að nota list og tilfinningar sem þær vekja, í því skyni að auka vellíðan alheimersjúklinga. Handbókinni er beint til þeirra rúmlega hundrað safna sem prýða landið, en nýtist öllum menningarstofnunum og fjölskyldum við að auðga líf sjúklinganna.

Með því að nota þessa handbók, vinna söfn mikilvægt starf við að brjóta niður múra og auka skilning á ólíkum þörfum mismunandi þjóðfélagshópa.

Aurora velgerðarsjóður styrkir útgáfu bókarinnar, en hún kom út á vegum Háskólaútgáfunnar 20. september 2017, í tengslum við alþjóðlegan dag Alzheimer þann 21. september.

Málþing var haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Listasafni Íslands sem liður í kynningu útgáfunnar, þar sem höfundar bókarinnar komu fram. Meðal höfunda eru Jón Snædal, læknir og forstöðumaður Minnismóttöku Landakots, Carmen Antúnez Almagro, taugasérferðingur og forstöðumaður

Minnismóttöku Háskólasjúkrahússins Virgen de la Arrixaca, Francesca Rosenberg deildarstjóri í Nútímalistasafninu í New York (MoMA) og Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar.

This website uses cookies to improve your experience. We'll assume you're ok with this, but you can opt-out if you wish.[Accept](#)[Reject](#) [Terms of use](#)  
[Privacy & Cookies Policy](#)